

SAMNINGUR

Fjölmiðlanefnd, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, kt. 450911-0110 og Neytendastofa, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, kt. 690605-3410, gera með sér svofelldan

Samstarfssamning um eftirlit með viðskiptaboðum

1.gr.

Markmið

Markmið með samningi þessum er að skýra starfssvið og hlutverk Fjölmiðlanefndar og Neytendastofu auk þess að kveða á um verkefnaskiptingu í því skyni að tryggja skilvirkt eftirlit með framsetningu og innihaldi viðskiptaboða.

2. gr.

Lagagrundvöllur

Samningur þessi er gerður á grundvelli 5. mgr. 7. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Þar segir að Fjölmiðlanefnd skuli gera samstarfssamning við Neytendastofu um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana.

3. gr.

Hlutverk Fjölmiðlanefndar

Eftirlitshlutverk Fjölmiðlanefndar samkvæmt lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 nær eingöngu til þeirra miðla sem teljast fjölmiðlar í skilningi laganna. Hlutverk Fjölmiðlanefndar samkvæmt VI. kafla laga um fjölmiðla nr. 38/2011 er m.a. eftirfarandi:

- að hafa eftirlit með viðskiptaboðum í fjölmiðlum, þar með talið viðskiptaboðum fyrir áfengi, tóbaksvörur, rafrettur, áfyllingar fyrir rafrettur, sem og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Sama gildir um viðskiptaboð fyrir ávísunarskyld lyf, eins og kveðið er á um í lyfjalögum.
- að hafa eftirlit með duldum viðskiptaboðum í fjölmiðlum
- að tryggja vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaboðum í fjölmiðlum
- að tryggja að fréttir og fréttatengt efni í fjölmiðlum sé ekki kostað
- að tryggja að hlutfall auglýsinga í sjónvarpi fari ekki yfir skilgreind tímamörk samkvæmt ákvæðum laga um fjölmiðla

4. gr.

Hlutverk Neytendastofu

Eftirlitshlutverk Neytendastofu nær til viðskiptahátta sem ætlað er að hafa áhrif hér á landi og er ekki takmarkað við tiltekna miðla eða form. Hlutverk Neytendastofu samkvæmt lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu auk annarra laga sem stofnuninni er falið eftirlit með er m.a. eftirfarandi:

- að hafa eftirlit með duldu auglýsingum
- að koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti og að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins
- að sjá til þess að viðskiptahættir séu ekki villandi eða líklegir til að blekkja neytendur
- að gæta þess að neytendur fái ekki rangar upplýsingar og að gætt sé sanngirni gagnvart keppinautum

5. gr.

Afmörkun eftirlits

Komi upp mál sem geta fallið undir eftirlit beggja stofnana tekur Fjölmiðlanefnd til meðferðar mál er beinast að fjölmiðlum en Neytendastofa mál er beinast að öðrum aðilum en fjölmiðlum. Þrátt fyrir framangreint geta stofnanirnar ákveðið í einstaka tilvikum að Neytendastofa taki til meðferðar mál sem falla undir eftirlitshlutverk beggja stofnana séu aðstæður með þeim hætti.

Berist annarri stofnuninni erindi eða ábending sem þarfnast rannsóknar og getur samkvæmt lögum fallið undir eftirlit beggja stofnananna, og ekki er skýrt af samningi þessum hvor þeirra skuli taka málið til meðferðar, skal gera hinni stofnuninni grein fyrir málinu og sameiginleg afstaða tekin um afgreiðslu þess.

Berist annarri stofnuninni erindi eða ábending sem heyrir ekki undir eftirlit hennar eða sem hinni stofnuninni er falin umsjón með samkvæmt samningi þessum, skal það framsent eins fljótt og mögulegt er.

6. gr.

Samskipti stofnananna

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar og forstjóri Neytendastofu eiga með sér reglulega fundi og koma á og fylgjast með samskiptum starfsmanna í einstökum málum. Tíðni samskipta og funda fer eftir þörfum hverju sinni.

Við meðferð mála geta stofnanirnar leitað sjónarmiða hjá hinni stofnuninni í samræmi við rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga.

Önnur stofnunin getur tekið þátt í verkefnum hinnar, enda falli þátttakan að lögbundnum verkefnum hennar. Á þessum forsendum getur t.d. önnur stofnunin lagt mat á tiltekna þætti í verkefni hinnar stofnunarinnar, sem síðan má leggja til grundvallar við úrlausn verkefnisins sem hluti af gögnum málsins, enda sé reglum stjórnarsýslulaga fylgt.

7. gr.

Sjálfstæði og hagsmunaárekstrar.

Ákvarðanir annarrar stofnunarinnar takmarka ekki og breyta ekki ákvörðunum hinnar, nema lög heimili.

Gæta skal þess að samskipti samkvæmt samningi þessum torveldi ekki lagaskyldum stofnananna til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir við úrlausn mála á verksviði þeirra.


8. gr.

Gildistaka samnings


Gildistími samnings þessa er frá undirritun.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorri stofnun.

Reykjavík, 19. ágúst 2021



Elfa Yr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar



Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri Neytendastofu